



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 394

UNIMA á Íslandi

Alþjóðleg samtök brúðuleikhúsfólks

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 394

UNIMA á Íslandi

Alþjóðleg samtök brúðuleikhúsfólks



UNIMA er skammstöfun fyrir Union Internationale de la Marionnette.

Árið 1975 var haldið brúðuleikhúsnámskeið í Reykholti í Borgarfirði og var einn kennaranna Sviinn Michael Meschke, sem starfaði við Marionetteater í Stokkhólmi.

Í lok þessa námskeiðs var stofnuð Íslandsdeild alþjóðasambands brúðuleikhúsfólks, UNIMA á Íslandi.

Það var 24. júní sem fundurinn var haldinn og var markmið hans að kjósa stjórn og stofna Íslandsdeild í UNIMA. Fundarstjóri var Helga Hjörvar. Kosin var 5 manna stjórn. Jón E. Guðmundsson var einóma kosinn formaður. Hallveig Thorlacius var kosin ritari. Guðrún Svava Svavarsdóttir var kosin gjaldkeri. Messíana Tómadóttir og Ragnheiður Gústafsdóttir voru kosnar meðstjórnendur. Í varastjórn voru kosnir Guðbjörn Gunnarsson og Sigfús Kristjánsson. Endurskoðendur voru kosnar Bryndís Gunnarsdóttir og Arnhildur Jónsdóttir. Árgjald var ákveðið 1000 kr. og þar af gangi 300 kr. í árgjald alheimssamtakanna. Tillaga kom frá Michael Meschke um að formaður sé jafnframt fjárhagsmaður fyrsta árið. Tillaga kom fram um að varamenn megi sitja fundi en hafi ekki atkvæðisrétt, aðeins málfrelsi og tillögurétt. Einnig að fyrsta verk stjórnar verði að láta stjórn UNIMA í Prag hafa vita um stofnun þessa félags. Voru þessar tillögur samþykktar. Heimilisfang var ákveðið fyrst um sinn á skrifstofu Bandalags íslenskra leikfélaga. Aðalfundur verði haldinn í síðasta lagi fyrir 24. júní næsta ár. Stofnendur voru 35.

Auk Meschke kenndu á námskeiðinu Daninn Henning Nielsen, Austurríkismaðurinn Erwin Piplits og Jón E. Guðmundsson. Meschke og Jón E. Guðmundsson gáfu laun sín fyrir kennsluna til að stofna Íslandsdeild UNIMA.

Með stofnun UNIMA á Íslandi var stefnt að þróun brúðuleikhúss á Íslandi og stuðst við sjónarmið þeirra sem nú þegar eru meðlimir í UNIMA, t.d. í Svíþjóð.

Í reglum þeirra segir m.a. að UNIMA :

- séu heimssamtök sem stefna að því að koma á sambandi milli landa og þjóða,
- hjálpi til að varðveita lifandi hefðir,
- veiti upplýsingar sem stuðli að móralskri og fagurfræðilegri upplifun,
- verndi hagsmuni meðlima sinna og lagalegan rétt í starfi.

Þar segir einnig að UNIMA sé stofnun þar sem allar manneskjur í heiminum sem fást við brúðuleikhús af frjálsum vilja, safnist saman til þess, með list sinni, að þjóna friðarhugsjóninni og sammannlegum skilningi, burtséð frá pólitískum skoðunum eða trú.

UNIMA var formlega stofnað í Prag 1929 í sambandi við alþjóðlega brúðuleikhús- sýningu þar. Helsti hvatamaður að stofnun UNIMA var Paul Jeanne frá París.

Árið 1977 var haldin að Kjarvalsstöðum brúðuleikhúshátíð. Sýndu þar þrír íslenskir hópar, Jón E. Guðmundsson, Leikbrúðuland og Brúðuheimilið.

Árið 1982, í mars, var haldin brúðuleikhúshátíð á sama stað. Þá sýndu auk Jóns og Leikbrúðulands Þjóðverjinn Albrecht Roser, Bandríkjamaðurinn Eric Bass, Svisslendingur sem var með leikhús sem heitir Theatre Grenier-Merinat og franskur leikflokkur sem heitir Theatre du Fust. Í sambandi við þessar sýningar voru ýmsar brúður til sýnis, m.a. *Faust* eftir nemendur Kurt Ziers frá 1941 úr sýningu Handíða- og myndlistaskólans.

Árið 1983 frumsýndi Messíana Tómasdóttir *Bláu stúlkuna* á Kjarvalstöðum. Brúðuleikhúsið *María netta* gerði brúðukvikmynd sem heitir *Æðavarpíð*.

Á Listahátíð í Reykjavík 1988 var brúðuleikhús einn þátta hátíðarinnar. Þá sýndi Leikbrúðuland *Mjallhvíti* í leikstjórn Petr Matásek frá Tékklandi sem jafnframt gerði leikgerð, leikmynd og brúður. Jón E. Guðmundsson var með tvær sýningar *Mann og konu* og *Hans og Grétu*. Auk þess kom til landsins austur-þýskur brúðuleikhúsmaður, Peter Washinsky með sýningum Earthworms.

Í október- nóvember 1990 voru haldnir í Gerðubergi *Dagar leikbrúðunnar*. Eftirtaldir tóku þátt í þessum sýningum: Íslenska brúðuleikhúsið, Sögusvuntan, Brúðubílinn, Embluleikhúsið, Brúðuleikhúsið á Egilsstöðum, Dúkkukerran, Alchemilla, Leikbrúðu land. Í tilefni hátíðarinnar var einstaklingum og félögum, sem fengist hafa við leikbrúðugerð, gefið tækifæri til að sýna verk sín á sunnudögum. Jafnframt hófust námskeið í brúðugerð. Þetta námskeið hlaut nafnið

Heimur brúðunnar. Kennt var á þriðjudags- og fimmtudagskvöldum og stóð námskeiðið í 6 vikur.

Bryndís Gunnarsdóttir, stofnfélagi í UNIMA.

Bryndís Gunnarsdóttir afhenti Borgarskjalasafni skjölin 29. maí 2008.
Formáli skrifaður af Bryndísi Gunnarsdóttur, er fremst í öskju 1.
Tímabil: Í safninu eru gögn um fyrstu 15 ár UNIMA á Íslandi, á tímabilinu 1975-1998.

Bryndís Gunnarsdóttir afhenti Borgarskjalasafni viðbót við safnið 29. apríl 2010.
Jóhanna Hafliðadóttir afhenti sama dag Borgarskjalasafni ljósmyndir frá námskeiði í Reykholti árið 1975, þar sem fyrsta stjórn UNIMA á Íslandi var kjörin.

Skjalaskrá

Bréfa- og málafn

Askja 1

Fundargerðir, bréf, meðlimaskrár o.fl. 1975-1990.

Örk 1

Fundargerð stofnfundar UNIMA á Íslandi, 24. júní 1975.
Bréf, fundargerðir og fundaboð, 1982-1990.
Aðildarumsóknir 1980 og 1985.

Örk 2

Hvað er UNIMA? Saga UNIMA, án árs.
UNIMA á Íslandi, meðlimaskrá árið 1983 og 1986-1987.
Póstskrá meðlimalanda UNIMA, án árs.
Saga brúðuleikhúss á Íslandi, án árs.

Örk 3

Bréf og gögn frá UNIMA Centrum, 1975-1979.

Örk 4

Bréf og gögn frá UNIMA Centrum, 1980-1981.

Örk 5

Bréf til og frá UNIMA, fréttabréf og dagskrár, 1984-1988.
Norræna leiklistarnefndin, fréttabréf, 1985-1987.

Örk 6

Bréf til og frá UNIMA, 1985-1986

Örk 7

UNIMA og Leikbrúðuland, bréf til menntamálaráðherra og fjárveitingarnefndar ríkisins, bréf til og frá UNIMA og Leikbrúðulandi, kynningar á heimspingum og sýningum o.fl., 1985-1987.

Askja 2

Bréf, fundarboð, dagskrár, fréttabréf, ljósmyndir o.fl. 1986-1998.

Örk 1

Bréf til og frá UNIMA, tilboð í sýningar, listahátíð, dagskrár, fréttabréf, plaköt o.fl., 1986-1989.

Örk 2

Listi yfir þá sem áhuga hafa á hátíðum og atburðum í íslensku brúðuleikhúsi, án árs.
Bréf til og frá UNIMA á Íslandi, dagskrár erlendra brúðuleikhúsa, fréttabréf o.fl., 1989-1991.

Örk 3

Bréf til og frá UNIMA, dagskrár, fréttatilkynningar, fréttabréf o.fl. 1990.
Dagar leikbrúðunnar í Gerðubergi, bréf, dagskrár o.fl. 1990.

Örk 4

Bréf send félögum UNIMA á Íslandi, bréf til og frá UNIMA, styrkumsókn, dagskrár o.fl., 1991-1994.

Örk 5

Bréf til og frá UNIMA, félagatöl 1993 og 1998, fundarboð o.fl. 1993-1998.

Örk 6

Fimm ljósmyndir, líklega frá sýningu, án árs.

Prentað mál

Askja 3

Blöð, fréttabréf o.fl. 1964-1992.

UNIMA Dockteatern, blað, 1979, 1988-1989, 1991-1992.

UNIMA Rundbrief, fréttablað, 1985.

Burattini, blað 1985-1986.

Marionnettes en Castelets, blað, 1986-1987.

Biuletyn Informacyjny Teatr lalek, 1985-1986.

Txakinot, blað, án árs.

Puppenspiel und Puppenspieler, blað, 1964.

Abrakadabra, blað, 1985.

Audhumla, blað, 1982.

Animations, blað, 1985.

Loutkar, blað 1986.

Puppetry Journal, blað, 1986.

Poppen Podium, blað, 1983.

Tiedotuslehti, Tammerfors Teatersommar, blað og dagskrá, 1992.

Plakat Polskich Teatrów Lalek, blað og dagskrá, 1984.

Askja 4

Blöð, fréttabréf o.fl. 1971-1998.

UNIMA Information, blað, 1974, 1976-1979, 1982-1983.

UNIMA informations, Spécial XIV Congrès, 1984.

En Slags Teater, fréttabréf, 1988, 1991.

Nyhedsbrev, fréttabréf, 1987-1988.

Ánd í hanske, blað, 1985.

„*A Propos*“, blað, 1986, 1988.

Mamulengo, blað 1984.

Dockteatereko, blað, 1971-1980, 1985, 1989.

Ontwikkelingen in het poppenspel in Nederland 1945-1981, hefti.

Bilboko Nazioarteko, blað, 1985, 1987.

Teatro del Drago, umsögn og myndir, án árs.

4th World Festival of Puppet Art 2000, dagskrá.

Festival mondiali des theatres de marionnettes 1985, dagskrá.

Musiques en Mouvement 1992, dagskrá.

7. Internationale Puppentage in Mistelbach 1985, dagskrá.

Internationaal poppentheater festival dordrecht 1987, dagskrá og bréf.

UNIMA Figura Baltica 1998, dagskrá.

Ecole Supérieure Nationale des Arts de la Marionnette 1993, dagskrá.

En mer des Marionnettes 1983, dagskrá.

Nazioarteko V. Txixongilo Jaialdia V festival 1986, dagskrá.

Teatr lalek Banialuk Bielskolabiala 1987, kynningarbæklingur.

História do Teatro de Branca-Flor 1962-1982, kynningarhefti.

En fordøyelig hvalhistorie?, sýningarskrá, án árs.

Teatro di Pupi Siciliani dei Fratelli Pasqualino 1985-1986, sýningarskrá.

Overture octobre 1987, fréttablað.

Puck 1992, fréttablað.

Charlevill Mézières, auglýsingabæklingur, án árs.

Póstkort.

Aquilino Maggi Circus, kynningarbæklingur, líklega 1983.

Plaköt.

Bókhald

Askja 5

Bókhald UNIMA 1975-1998.

UNIMA á Íslandi, sjóðbók, júlí 1975 til 19. mars 1989.

Bókhald 1982-1998: Aðalfundarboð 7. og 13. maí 1992 og 9. nóvember 1992 og bréf til félaga 23. apríl 1993. Bréf til og frá UNIMA og UNIMA International 1992-1993. Félagatöl 1990-1998, félagagjöld, efnahags- og rekstursreikningar, sparisjóðsbækur, tékkhefti, reiknisyfirlit, greiddir reikningar o.fl. 1982-1998.

*Skráð í mars 2010
Gréta Björg Sörens dóttir*

Viðbót við skjalasafn UNIMA á Íslandi sem Bryndís Guðmundsdóttir afhenti í apríl 2010 og ljósmyndir frá Jóhönnu Hafliðadóttur – í öskju 5.

Örk 1

Prentað mál, Prógröm og plagöt frá ýmsum erlendum brúðuleikhússýningum.

Meðlimaskrá UNIMA á Íslandi 1975-1993.

Félagatal 1983, 1989.

Fundargerð aðalfundar 1989.

Bréf til UNIMA félaga frá stjórninni 1985, 1988-1989.

Bréf til stjórnar UNIMA á Íslandi 1986-1989 frá UNIMA og norrænum samstarfsaðilum.

Stjórn UNIMA víðs vega um heiminn 1988.

Ljósmyndir í umslögum frá námskeiði í Reykholti 21.-28. júní 1975.

1) Fyrsta stjórn UNIMA á Íslandi: Guðrún Svava Svavarsdóttir, Jón E. Guðmundsson, Hallveig Thorlacius, Messíana Tómasdóttir, Ragnheiður Gústafsdóttir.

Stjórn og varamenn: Sigfús Kristjánsson, Keflavík, Guðrún Svava Svavarsdóttir, Jón E. Guðmundsson, Hallveig Thorlacius, Messíana Tómasdóttir, Ragnheiður Gústafsdóttir Guðbjörn Gunnarsson, Fáskrúðsfjörður.

2) Svanhildur Jóhannesdóttir og Anna Sigríður Einarsdóttir.

Sigríð Valtingoer og Helga Hjörvar

3) Þorbjörg Höskuldsdóttir og ungir áhorfendur horfa á brúðuna Baptiste.

Jón E. Guðmundsson ræðir við Önnu Sigríði Einarsdóttur og tvær aðrar.

4) Ása, Helgi Hjörvar?, Helga Hjörvar, Baptiste og Þorbjörg Höskuldsdóttir.

Þorbjörg Höskuldsdóttir og brúðan Benjamín.

5) Michael Meschke með ýmsar brúður.

Bryndís Guðmundsdóttir og Sigfús Kristjánsson.

6) Nokkrar strengjabrúður, afrakstur námskeiðsins.

Helga Steffensen og Guðný Daníelsdóttir?

Blaðaúrklippa, Morgunblaðið 1. júlí 1975.

Skráð í apríl 2010. Jóhanna Hafliðadóttir